## Námsáætlun fyrir textílmennt - 4. bekkur

Kennsla: Árgangurinn skiptist í 4 smiðjur og mætir hver hópu tvisvar í viku í 80 mínútur í senn í hverja smiðju.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | • nota einfaldar aðferðir greinarinna og beita viðeigandi áhöldum.<br>• vinna úr nokkrum gerðum textílefna.<br>• vinna eftir einföldum leiðbeiningum. | Nemendur vinna með mismunandi gerðir textílefna.<br>Nemendur vinna textílverkefni í þrívídd.<br>Nemendur æfa vélsaum, læra að taka snið og vinna eftir vinnulýsingu. | Mat tekur tillit til virkni og vinnusemi í tímum.<br>Vinnubrögð og handbragð metið.<br>Að mestu er stuðst við símat, þ.e. kennarinn metur nemandann eftir hvern tíma. |
| **Sköpun, aðferðir og útfærsla** | • tjá hugmyndir sínar með einfaldri skissu.<br>• skreyta textílvinnu á einfaldan hátt.<br>• gera grein fyrirmismunandi tegundum handverks og nota nokkur hugtök sem tengjast greininni.<br>• leita að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum. | Nemendur fá tækifæri til að útfæra sínar hugmyndir með ýmsum aðferðum.<br>Nemendur skoða bækur og veraldarvefinn til að fá hugmyndir að skreytingum og aðferðum. | |
| **Menning og umhverfi** | • segja frá íslensku hráefni og vinna með það á einfaldan hátt,<br>• segja frá nokkrum tegundum textílefna. | Nemendur læra að þekkja og vinna með íslensku ullina. Hvaða eiginleika hún hefur og hversu mikilvæg hún var og er þjóðinni.<br>Nemendur læra um mismunandi textílefni og hráefni, uppruna og notagildi. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • fjalla um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.<br>• nota ný og endurunnin efni í textílvinnu. | Nemendur læra um klæðnað almennt og notagildi hans. | |
| **Námsgögn:**<br>Unnið er með námsefni frá Námsgagnastofnun, ýmsar bækur og hugmyndir nýttar af veraldarvefnum. | | | |
| **Lokanámsmat:**<br>Einkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D. | | | |